

**Ed. 609. Frumvarp til laga [162. mál]**

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 21. apríl.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „Kr. 1 900.00“ í 1. tl. 1. málsgr. 2. gr. komi: Kr. 2 300.00.

**2. gr.**

1. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	82.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....	11.4%
3. Til Fiskimálasjóðs .....	3.1%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips .....	1.8%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins .....	0.7%
6. Til Landssambands isl. útvegsmanna .....	0.5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1972.

Þó skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.